

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. október 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda (Mál nr. 19)

Viðskiptaráð Íslands hefur tekið til umsagnar tillögu til þingsáætlunar um stofnun ráðgjafastofu innflytjenda. Viðskiptaráð er í grundvallaratriðum hlynnt þeim markmiðum sem tillagan stefnir að. Viðskiptaráð telur hins vegar rétt að ef af stofnun ráðgjafastofu innflytjenda verður þurfi að tryggja að hlutverk hennar nái þar með talið til þess að þjóna erlendum sérfræðingum, sem skipta máli fyrir áframhaldandi kröftugan vöxt íslensks efnahagslífs. Auk þess þarf að tryggja að ekki hljótist verulegur kostnaður af verkefninu og að kannað verði hvort ráðgjafastofu sem þessa megi hýsa innan starfandi stofnunar.

Ráðgjafastofa innflytjenda ætti, til viðbótar við þau verkefni sem henni eru falin í tillögunni, að halda utan um allar þær upplýsingar sem erlendir sérfræðingar og íslensk fyrirtæki í leit að erlendum sérfræðingum kunna að þurfa. Sem stendur er hægara sagt en gert að afla allra þeirra upplýsinga sem erlendir sérfræðingar þurfa til að geta hafið störf hér á landi, sérstaklega fyrir sérfræðinga sem koma hingað til lands frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins. Viðskiptaráð telur mikilvægt að horfa til þessa hóps innflytjenda, en þjónusta við hann hefur dregist saman og orðið ómarkvissari og tímafrekari undanfarið misseri.

Kvarnast úr flýtimeðferð og almennur afgreiðslutími lengist

Útlendingastofnun tilkynnti fyrir skömmu að flýtimeðferðartími vegna umsóknar um dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku hafi verið þrefaldaður úr 10 virkum dögum í 30 daga. Auk þess hefur almennur biðtími eftir að umsókn um fyrsta dvalarleyfi sé tekin til vinnslu verið lengdur úr 90 dögum í 180. Óháð efni tillögunnar þarf að stytta þennan tíma. Þannig er sérstakur flýtimeðferðartími í Danmörku 0-10 dagar og markmiðið að hefðbundinn afgreiðslutími sé 30 dagar.¹ Ljóst er af vef Útlendingastofnunar að mikið þarf að koma til svo stofnunin geti náð niður afgreiðslutíma á dvalarleyfum.²

Þessar tafir hér á landi eru öllum innflytjendum þungbærar, ekki síst þeim sem íslensk fyrirtæki í alþjóðageiranum kappkosta við að laða til landsins, og líklegar til að draga úr getu íslenskra fyrirtækja í að keppa um starfsfólk á alþjóðlegum mörkuðum.

¹ <https://www.nyidanmark.dk/en-GB/Applying/Work/Fast%20track>


² <http://utl.is/index.php/umsoknir-i-vinnslu>

Alþjóðageirinn er sá geiri sem hvað mestar vaxtarvonir eru bundnar við á Íslandi þar sem honum eru engin náttúruleg takmörk sett, önnur en mannauður. Þessi langi afgreiðslutími dvalarleyfisumsókna hefur því neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja í alþjóðageiranum, sem mörg hver reiða sig á erlenda sérfræðinga vegna skorts á framboði á sérfræðingum innanlands. Smæð íslensks vinnumarkaðar gerir þessa þörf sérstaklega brýna hér á landi.

Stjórnsýsla málaflokksins er auk þess bæði í höndum Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar. Báðar þessar stofnanir gætu haft hag af samráðsvettvangi í þessum málaflokki, sem hefði það meðal annars að markmiði að lóðsa erlenda sérfræðinga inn í landið og halda utan um heildstæða upplýsingagjöf til innflytjenda og vinnuveitenda þeirra. Viðskiptaráð kallar því eftir samráði við viðskiptalífið um útfærslu á fyrirhugaðri ráðgjafastofu til viðbótar við fyrirhugað samstarf við stjórnvöld og hjálparstofnanir.

Viðskiptaráð leggur því til að þær athugasemdir, tillögur og ábendingar sem hér fram koma verði höfð að leiðarljósi við útfærslu tillögunnar. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og óskar eftir að ræða efni hennar á fundi velferðarnefndar.

Virðingarfyllt,



Gunnar Dofri Ólafsson

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands